

Mál nr. 77/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ekið á gangandi vegfaranda 28.11.2016., krafa um bætur
skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 3.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 17.3.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 20.3.2017 og taugasálfræðileg athugun dags. 27.3.2017.
4. Tölvupóstur V dags. 6.4.2017, svar við fyrirspurn úrskurðarnefndar um framburðarskýrslu ökumanns bifreiðarinnar BL K59.

Málsatvik.

M var að ganga yfir götu við gatnamót Sóleyjargötu og Bragagötu þegar A var ekið á hana og M slasaðist. Gatnamótunum er stýrt með umferðarljósum og kemur fram í framburði vitnis í lögregluskýrslu að rautt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu bifreiðarinnar A þegar henni var ekið á M.

M krefst bóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og byggir á því að bílstjóri A hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi þegar hann ók á M, en þá hafi hann ekið bifreiðinni A gegnt rauðu ljósi á mikilli ferð. V segist ekki hafa tekið afstöðu í málinu og hafnar að úrskurðarnefnd um vátryggingamál taki málið til úrskurðar, en geri hún það, þá sé ekkert í málinu sem bendi til stórfellds gáleysis ökumanns A, um sé að ræða umferðaróhapp og einfalt gáleysi og því ekki um bótaskyldu að ræða af hálfu V á grundveli a.liðar 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga. Lögmaður M bendir á að krafa hafi verið send til V 20.1.2017 eða sex vikum áður en málinu var skotið til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum en engin svör hafi borist frá V.

Álit.

Lögmaður M sendi kröfu til V með bréfi dags. 20.1.2017 um afstöðu til bótaskyldu vegna kröfu skilyrða a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í samþykktum nefndarinnar sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005, er gert ráð fyrir því í 3. mgr. 5. gr. að málskotsaðila sé heimilt að leita beint til nefndarinnar með mál ef vátryggingafélag hefur ekki brugðist við skriflegri kröfu hans innan þriggja vikna frá móttöku hennar. Þegar málskot til nefndarinnar var mótttekið 3.3.2017 voru meira en þrjár vikur liðnar frá dagsetningu kröfubréfs M til V og er málið því tækt til efnismeðferðar hjá nefndinni.

Ökumaður A ók á M þar sem hún var að ganga yfir götu á gangbraut þar sem rautt umferðarljós logaði fyrir akstursstefnu A og ætla má að grænt ljós hafi logað fyrir gangandi vegfarendur á sama tíma. Í lögregluskýrslu er framburðar ökumanns bifreiðarinnar ekki tilgreindur um atvik og aðdraganda slyssins. Nefndin óskaði sérstaklega eftir þeim gögnum málsins hjá V en með tölvupósti dags. 6.4.2017 kom fram að V hefði ekki aðgang að öllum gögnum málsins hjá lögreglu. Ekki liggur heldur fyrir framburðarskýrslu ökumanns í þeim gögnum sem M leggur fram með málskot sínu.

Af framburði vitnis og M sjálfrar í lögregluskýrslu verður ekki annað ráði en að hún hafi gengið út á akbraut þegar rautt ljós logaði fyrir umferð um akbrautina. Ekkert liggur hins vegar fyrir um hraða bifreiðarinnar A eða háttsemi ökumanns að öðru leyti en því að ætla má að hann hafi ekið

gegn rauðu ljósi. Í framburði M og vitnis er þess ekki getið að bifreiðinni hafi verið ekið hratt eða að öðru leyti óvarlega umfram það að hafa verið ekið gegn rauðu ljósi. Verður það að aka gegn rauðu ljósi metið ökumanni bifreiðarinnar A til nokkur gáleysis. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og það að framburðarskýrslur liggja ekki fyrir í heild, verður hins vegar ekki fullyrt að það gáleysi, sem ökumaður A sýndi, hafi falið í sér það verulega frávik sem til þarf svo um stórfellt gáleysi sé að ræða. Verður því ekki að svo stöddu, m.v. fyrirbyggjandi gögn, fallist á að skilyrði til greiðslu miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum skv. a.lið 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Reykjavík 10.4. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.